

Aðalfundar Stjórnvísí haldinn miðvikudaginn 5. maí 2026 kl. 16:00 á Kringlukránni

Dagskrá aðalfundar:

1. Kjör fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla formanns.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra.
4. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
5. Breytingar á lögum félagsins.
6. Kjör formanns.
7. Kjör stjórnarmanna til næstu ára
8. Kjör fagraðs.
9. Kjör skoðunarmanna reikninga.
10. Önnur mál.

Fundargerð:

1. Formaður Anna Kristín Kristinsdóttir setur fundinn og tilnefnir fundarstjóra.
Fundarstjóri tilnefnir ritara.
Kjör fundarstjóra og ritara.
Fundarstjóri: Snorri Páll Sigurðsson .
Fundarritari: Viktor Freyr Hjörleifsson.
Gengið var úr skugga um lögmæti fundar.
2. Skýrsla formanns.
Formaður stjórnar Stjórnvísí, Anna Kristín Kristinsdóttir, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni stjórnar á liðnu starfsári.
Engar athugasemdir eða fyrirspurnir voru um skýrsluna og telst hún samþykkt – skýrslan er aðgengileg á vefsvæði félagsins.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Gunnhildur Arnardóttir framkvæmdarstjóri Stjórnvísi fór yfir skýrslu framkvæmdarstjóra og helstu verkefni og viðburði Stjórnvísi á liðnu starfsári.

Athugasemd barst um að stjórnarfundur væri tvítekning en svo var ekki því stjórn fundaði bæði í hádegi og að kvöldi 3 desember sl.. Þá voru engar frekari athugasemdir néir fyrirspurnir og telst hún samþykkt – skýrslan er aðgengileg á vefsvæði félagsins.

4. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.

Gunnhildur Arnardóttir framkvæmdarstjóri Stjórnvísi fór yfir ársreikning.

Áætlanir gengu eftir og staða félagsins er góð. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir voru um ársreikninginn og telst hann samþykktur – Ársreikningurinn er aðgengileg á vefsvæði félagsins.

5. Breytingar á lögum félagsins.

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

6. Kosning stjórnar

Óskað var eftir framboðum til stjórnar Stjórnvísi starfsárið 2026-2027, frestur til framboðs rann út 30.apríl 2026. Kosið er um 2 sæti í stjórn og formann Stjórnvísi, alls 3 sæti.

Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega til eins árs í senn og getur setið í 2 ár að hámarki.

Eitt framboð barst í embætti formanns 2026-2027: Anna Kristín Kristinsdóttir bíður sig fram til formennsku.

Í stjórn eru 9 stjórnarmenn kosnir til eins eða tveggja ára í senn með möguleika á framlengingu án þess að kosið sé um þá og geta að hámarki setið í 4 ár.

1. Kosning formanns.

Eitt framboð hefur borist í embætti formanns fyrir starfsárið 2026-2027: Anna Kristín Kristinsdóttir, Engineering Manager Lead, JBT Marel. Anna Kristín er sitjandi formaður Stjórnvísi, hefur setið í stjórn Stjórnvísi þar á undan í tvö ár. Anna Kristín var einnig formaður faghóps um upplýsingaöryggi til nokkurra ára. Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega til eins árs í senn og getur setið í 2 ár að hámarki. Anna Kristín var kjörinn formaður.

2. Sjálfkjörnir stjórnarmenn

Eftirtalin framboð eru komin sem ekki þarf að kjósa um og munu skipa stjórn Stjórnvísí 2026-2027:

1. [Héðinn Jónsson](#), Chief Product Officer hjá Helix health. (2025-2027)
2. [Viktor Freyr Hjörleifsson](#), mannauðssérfræðingur hjá Vegagerðinni. (2025-2027)
3. [Tinna Jóhannsdóttir](#), forstöðumaður markaðsmála og sjálfbærni ON (2025-2027)
4. [Ingibjörg Loftsdóttir](#), sérfræðingur í lýðheilsu og stjórnun, formaður faghóps um Heilsueflandi vinnuumhverfi (2023-2027)
5. [Matthías Ásgeirsson](#), forstöðumaður fasteignasviðs hjá Bláa Lóninu. Stofnandi faghóps um aðstöðustjórnun kosinn í stjórn (2024-2027)
6. [Snorri Páll Sigurðsson](#), deildarstjóri innkaupastýringar Alvotech, formaður faghóps um innkaupstýringu (2023-2027)

3. Kosning tveggja stjórnarmanna. Kosið verður um tvö sæti í stjórn Stjórnvísí. Eftirtalin hafa gefið kost á sér:

Ásdís Sigurðardóttir gæða- og öryggisstjóri Dranga og dótturfélaga (2026-2028)

Sveinn Kjarval Internal Event Manager JBT Marel(2026-2028).

Þau Ásdís og Sveinn voru samþykkt í stjórn með lófaklappi, Ásdís var fjarverandi en Sveinn var á staðnum.

7. Kjör fagraðs.

Í fagraði til 2027 eru:

Guðrún Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar (2025-2027)

Haraldur Agnar Bjarnason, forstjóri Auðkennis (2025-2027)

Ný í fagraði 2026-2028 eru

Auður Daníelsdóttir, forstjóri Orkunnar (2026-2028)

Stefán Hrafn Hagalín, framkvæmdastjóri Brettánellefu (2026-2028)

Þór Sigfússon, stofnandi og stjórnarformaður Íslenska sjávarklasans (2026-2028)

Samþykkt einróma með lófaklappi.

8. Kjör skoðunarmanna reikninga til tveggja ára.

Kosin voru á síðasta aðalfundi til 2ja ára

Sigríður Soffía Sigurðardóttir, endurskoðunarsviði KPMG (2025-2027)

Hjördís Ýr Ólafsdóttir, endurskoðunarsviði KPMG (2025-2027)

Samþykkt einróma.

9. Önnur mál.

Skv. 4.grein í reglum félags Stjórnvísi er kveðið á um að aðalfundur ákveði félagsgjöld fyrir eitt ár í senn. Að þessu sinni lagði stjórn til hækkun á félagsgjöldum félagsins fyrir árið 2027 sem verða innheimt í janúar 2027 sem nemur vísitöluhækkun neysluverðs. Tillagan var samþykkt.

10. Fundi var slitið kl. 16:52

Stjórn þakkar þeim sem ganga úr stjórn fyrir þeirra framlag og fagnar þeim sem ganga í stjórn.

Það kom fram að ársreikningur og aðrar upplýsingar yrðu aðgengilegur á vefsíðu félagsins strax að loknum aðalfundinum. Þeir sem óska eftir útprentuðum ársreikningi er bent á að óska eftir því sérstaklega við framkvæmdastjóra félagsins gunnhildur@stjornvisi.is

Undirritunarsíða

Anna Kristín Kristinsdóttir

Matthías Ásgeirsson

Gunnhildur Arnardóttir

Snorri Páll Sigurðsson

Tinna Jóhannsdóttir

Héðinn Jónsson

Viktor Freyr Hjörleifsson

Sveinn Jóhannesson Kjarval